

Fjöldi leikmanna: 2-6 · Aldur: 6 ára · Lengd: U.þ.b. 15 mín.

Innihald:

30Dweebies! - Lúðar

Uppsetning

1. Stokkaðu bunkann og gefðu hverjum leikmanni fimm spil. Skoðaðu spilin þín en passaðu að hinir leikmennirnir sjái þau ekki.

Taktu eftir að punktarnir undir lúðanum á tveimur hornum spilsins sýna hversu oft sá lúði kemur fyrir í stokknum.



2. Settu restina af stokknum í bunka á borðið þar sem allir leikmenn geta auðveldlega náð í hann.

Hvernig á að spila?

Manneskjan sem er með minnst af hári á að gera fyrst og síðan skiptist þið á að gera réttssælis. Í hverri umferð áttu að gera eftirfarandi skref í rétttri röð:

1. **Leggðu spil á borðið.** Taktu hvaða spil sem er úr hendinni þinni og leggðu það þannig að það snúi upp á borðinu.

2. **Safnaðu lúðum.** Ef þú lagðir niður spil í röð þannig að það eru eins lúðar á sitthvorum enda raðarinnar máttu taka öll spilin í röðinni.

3. **Dragðu spil.** Kláraðu umferðina þína með því að draga efsta spilið úr bunkanum og setja það á hendi.

Að láta spil á borðið

Veldu eitt af spilunum þínum af hendi og leggðu það þannig að það snúi upp á borðinu. Ef það eru engin spil á borðinu leggðu þá spilið einfaldlega á það mitt.

Ef það eru þegar spil í borði, leggðu þá þitt spil upp við eitt af þeim. Spil mega vera lögð fyrir ofan, neðan, til hægri eða vinstri við spil í borði. Dæmi: Gráa svæðin sýna staði þar sem þú mátt leggja út spil.



Að safna lúðum



Lúðarnir munu mynda raðir sem liggja bæði lárétt og lóðrétt. Þú mátt safna lúðum úr borðinu ef þú leggur spil á endan á einhverrar raðar sem er með eins spil á hinum endanum. Taktu upp alla lúðana í röðinni og leggðu þá á hvolft í bunka fyrir framan þig.

Dæmi: Ef þú lagðir niður lúðann sem er sýndur með stjörnu í öllum þessum aðstæðum, myndir þú fá að taka alla lúðana í röðinni með grænu línunni.

Samstæðir lúðar verða að vera á endunum í röð en ekki í henni miðri.

Dæmi: Ef þú spilaðir lúðanum sem merktur er með stjörnunni hér fyrir neðan, þá myndir þú ekki fá að taka lúðana sem eru í röðinni með rauðu línunni.



Það má heldur ekki safna lúðum á ská. Dæmi: Ef þú hefðir spilað lúðanum sem er merktur með stjörnunni hefðir þú ekki getað safnað lúðunum sem merkrir eru með rauðu línunni.

Haltu lúðunum saman!

Eftir því sem líður á leikinn safnast lúðarnir saman í hóp í miðjunni. Ef að hópurinn skiptist einhvern tímann í minni hópa þegar leikmaður tekur röð af lúðum úr borðinu, þá verður þú að tengja hópinn aftur saman. Þegar þú átt leik verður þú þessvegna að láta niður spil á stað sem reynir að tengja hópana saman með eins stuttri leið og mögulegt er. Enginn má taka lúða úr borðinu þangað til að lúðarnir eru aftur tengdir.

Dæmi: Gráa svæðin í aðstæðunum þremur hér fyrir neðan sýna allar mögulegar staðsetningar sem þú máttir leggja niður spil á.



Að draga spil

Ef þú gleymir einhvern tímann að draga í lok umferðar þinnar þá máttu draga hvenær sem er. Mundu að þú átt að vera með fimm spil á hendi.

Lok leiksins

Þegar bunkinn í miðjunni klárast þá haldið þið áfram að spila þar til allir eru búnir að spila öllum spilum af hendi. Þá klárast leikurinn og sá sem náði að safna flestum lúðum vinnur!

Nokkur orð frá Gamewright

Þegar við hittum lúðana í fyrsta skipti á hlýju sumarsíðdegi tókum við strax eftir að þeir koma okkur til að brosa. Kannski er það hvað þeir eru litríkir. Kannski eru það undarlegir persónuleikar þeirra. Hvað sem það var þá vissum við strax að okkur langaði til að kynna þeim betur. Eftir smá rannsóknarvinnu komumst við að eftirfarandi staðreyndum: 1. Lúðarnir hafa allir einhverja vinnu eða áhugamál sem þeir hafa einstaklega mikla ástríðu fyrir. 2. Þeir hafa allir nöfn sem tengjast ástríðu þeirra. (T.d. Súper-lúði. Lækna-lúði og Verkfæra-lúði). 3. Enginn af lúðunum hefur fleiri en þrjú hár á höfðinu! Hvað leikinn varðar þá komumst við að því að það er ótrúlega auðvelt að læra og spila hann, en merkilega erfitt að vinna! Einn af lúðunum gaf okku kænskuráð: Ekki leifa neinni röð að verða of löng.